

---

Ályktun um endurnýjun Ferjunnar Baldurs

Fjórðungsþing Vestfirðinga hvetur samgönguráðherra til þess að beita sér fyrir því að Breiðafjarðarferjan Baldur verði endurnýjuð. Ferjan gegnir lykilhlutverki í að koma afurðum á öruggan og skilvirkan hátt frá svæðinu og mikilvæg fyrir vestfirska ferðaþjónustu allt árið. Við endurnýjun ferjunnar er mikilvægt að horfa til hraðskreiðari ferju þar sem sjóleiðin væri jafn löng í tíma og bílvegurinn. Einnig hvetur Fjórðungsþing ráðherra til að beita sér fyrir því að öryggi ferjunnar verði bætt, en í dag er Baldur aðeins knúinn einni vél og í áhættumati almannavarna Vestfjarða 2011 kemur fram að gríðarleg hættu geti orðið verði ferjuslys á hinum friðaða Breiðafirði. Að lokum er mikilvægt að litið sé til þess að Vestfirðir eru umhverfisvottaðir hjá Earth Check og því þarf ferja að vera umhverfisvæn í rekstri.

Daníel Jakobsson, Ísafjarðarbæ

Daníel óskar eftir að þingforseti lesi upp ályktunina.